

stöðu sjóðsins svo hann fullnægi ekki lágmarkskröfum samkvæmt samningi milli ASÍ og VSÍ um lífeyrismál, 12. desember 1995, með síðari breytingum, skal vísað frá ársfundi. Tillögurnar skulu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins í tvær vikur fyrir ársfund og það auglýst þannig að sjóðfélögum gefist kostur á að koma að athugasemdum á ársfundi.

- 22.2. Tillaga að breytingum á ákvæðum sem teljast efni kjarasamninga, s.s. um iðgjöld og stjórnskipan sjóðsins, þ.m.t. ákvæði um hlutverk og skipan fulltrúaráðs og stjórnar, verða einungis teknar fyrir á ársfundi að fengnu samþykki aðildarfélaga viðkomandi lífeyrissjóðs.
- 22.3. Reglugerðarbreytingar taka því aðeins gildi að þær hljóti samþykki a.m.k. 2/3 hluta fulltrúa í fulltrúaráði á ársfundi og hafi hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

23. Gildistaka.

- 23.1. Reglugerð þessi kemur í stað reglugerðar þeirrar, sem gilt hefur frá 1. nóvember 1994, og gildir frá 1. janúar 1997.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 17. mars 1997.

F. h. r.

Áslaug Guðjónsdóttir.

Margrét Gunnlaugsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaga sunnan Skarðsheiðar, Grundartangi.

Samkvæmt ósk sveitarstjórna Hvalfjarðarstrandarhrepps og Skilmannahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins með undirskrift sinni þann 18. desember 1996 staðfest breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaga sunnan Skarðsheiðar 1992 - 2012 frá 26. apríl 1994, nánar tiltekið stóriðnaðarsvæði að Grundartanga, innan Hvalfjarðarstrandarhrepps og Skilmannahrepps, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felst í því að iðnaðarsvæðið stækkar, lega þjóðveggar breytist og háspennulagnaleið er skilgreind.

Umhverfisráðuneytinu, 20. mars 1997.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.